

Til heilbrigðis- og tryggingamálanefndar Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík.


Reykjavík, 5. apríl 2005.

Félagi eldri borgara hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um almannatryggingar, 587. mál, tannlæknakostnaður aldraðra, öryrkja og barna.

Stjórn félagsins telur að með þessu frumvarpi sé stigið skref fram á við um þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði við tannlækningar. En jafnframt telur stjórnin að huga þurfi betur að þeim sem eru inni á hjúkrunarheimilum þar sem tekið er af þeim fjárræði og hafa þeir þar af leiðandi mjög lítið fjármagn til að brúa það bil sem er á milli gjaldskrá tannlækna og gjaldskrá ráðherra.

Stjórn félagsins telur því mjög brýnt að heilbrigðis- og trygginganefnd beiti sér í því að komið verði á samningi um verðskrá á tannlæknaþjónustu á milli Tannlæknafélags Íslands og Tryggingastofnunar ríkisins.

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar Félags eldri borgara  
í Reykjavík og nágrenni

  
Stefanía Björnsdóttir  
frankvæmdastjóri